

Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands

## Skýrsla til stjórnar félagsins um starfsemina á árinu 2005.

Árið 2005 var fyrsta heila árið í sögu Öldungadeildar, faghóps innan Skýrslutæknifélags Íslands, sem stofnaður var 22. júní 2004. Í skýrslu til SKÝ um starfsemina á árinu 2004 var rakinn allítarlega aðdragandinn að stofnun faghópsins og fjallað um tilgang og markmið. Verður það ekki endurtekið hér nema hvað samþykktir faghópsins og reglur SKÝ um faghópa eru birtar í lok skýrslunnar.

Á skýrslufundi 13. desember 2004 var upphaflegt öldungaráð endurkosið. Það er svo skipað: Formaður Jóhann Gunnarsson, meðstjórnendur Oddur Benediktsson og Örn Kaldalóns.

Félögum hefur fjölgað nokkuð, eru 29 á skrá í árslok. Fundir voru boðaðir á dreifalista SKÝ, og varð það til þess að nokkur ný andlit birtust. Greinilega má enn vinna nokkuð að kynningu öldungadeildarinnar og hvetja til þátttöku meðal þeirra sem upplifað hafa söguna.

Fundir urðu 3 á árinu, 14. febrúar, 10. maí og 13. október, og var fundarsókn frá 8 til 15 manns. Umræðuefni hafa endurspeglad meginverkefnið, sem sé það að varðveita sögun upplýsingatækninnar með sem fjölbreyttustum hætti, að fá fólk til að skrá minningar sínar, finna ráð (húsnæði) til að varðveita minjar, svo sem bækur, vélar og vélahluti, og vekja athygli á því að slíkt eru söguleg verðmæti sem ekki mega glatast þó að nýjar áherslur og nýir eigendur komi að fyrirtækjum. Fundurinn 13. október var haldinn í húsnæði Vigor og TM Software, og er fyrirtækjunum þakkað fyrir góðan viðurgjörning. Á þeim fundi kom fram tillaga um að félagið gangist fyrir skráningu minja sem til eru hjá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum. Öldungaráð hefur unnið að útfærslu þessarar hugmyndar, meðal annars farið á fund umsjónarmanns Sarps, sem er skráningarkerfi íslenskra minjasafna. Verður þetta verkefni til umræðu á skýrslufundi.

Eitt meginverkefni ársins var flutningur söguvefsins, sem Oddur Benediktsson setti upp í frumgerð á vefsetri Háskóla Íslands. Skulu honum tjáðar þakkir fyrir brautryðjandastarf á þeim vettvangi. Skýrslutæknifélagið hefur nýlega endurskipulagt vef sinn og tekið í notkun vefunmsjónarkerfi sem Öldungadeild hefur fengið aðgang að. Flutningurinn átti sér stað í október og um leið tók Jóhann Gunnarsson við umsjón vefsins af Oddi. Vefsetur SKÝ býður upp á ýmsa möguleika í framsetningu sem ekki hafa verið nýttir enn því að áhersla var lögð á að koma efninu yfir með sem minnstum breytingum. Með nýju efni, sem vonandi fer að streyma að þegar mönnum verður ljóst hversu vel getur farið um það á nýja vefnum, mun umsjónarmaður reyna að nýta fleiri möguleika kerfisins.

Jón Zophoníasson, elsti félagi Öldungadeildar, lést 16. október 2005, rétt rúmlega áttræður að aldri. Hann átti líka lengsta starfsævi allra Íslendinga við upplýsingatæknina, hóf störf við skráningu gagna hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur haustið 1951 og lét af störfum hjá embætti ríkisskattstjóra skömmu fyrir andlátinu. Í félagi okkar hafði hann margt til mála að leggja, og er nærveru hans sárt saknað – það var svo margt sem átti að koma í verk. Látum minningu Jóns Zophoníassonar verða okkur hvatningu til að koma hlutunum í verk á meðan við höfum krafta og vit til. Öldungadeild vottar minningu Jóns virðingu og þakkar þann drjúga þátt sem hann átti í þróun upplýsingasamfélagsins á Íslandi.

Öldungaráð telur æskilegt að fjölga í ráðin um 2 menn. Það leggur því fyrir Skýrslufund 2005 tillögu um fjölgun í ráðinu um 2 menn, og að stjórnin skuli skipta með sér verkum með formlegri hætti en verið hefur. Tillagan er svohljóðandi:

Síðasta málsgrein 3. greinar í samþykktum Öldungadeildar, sem nú hljóðar svo: „Öldungaráð skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur“ verði svohljóðandi: „Öldungaráð skipa 5 menn, formaður og fjórir meðstjórnendur, sem skipta með sér verkum eftir þörfum.“

Fráfarandi öldungaráð þakkar félagsmönnum starfið á árinu 2005 og hvetur til nýrra dáða á komandi ári.

## Samþykktir fyrir Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands

samþykktar á stofnfundi 22. júní 2004,

3. gr. breytt á skýrslufundi 19. janúar 2006.

1. gr.

Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands er faghópur innan félagsins og starfar eftir reglum þess um faghópa, sjá viðauka.

2. gr.

Tilgangur og verkefni faghópsins er varðveisla sögulegra gagna og heimilda, í hvaða formi sem er, um vélræna gagnavinnslu og notkun upplýsingatækni á Íslandi. Þetta felur meðal annars í sér að skrá sögu upplýsingatækninnar og að stuðla að því að varðveittur verði búnaður sem þýðingu hefur fyrir söguna.

3. gr.

Halda skal að minnsta kosti einn almennan fund árlega, í tæka tíð fyrir aðalfund SKÝ. Kallast hann skýrslufundur og hefur á dagskrá tvo fasta liði auk annarra mála, frágang skýrslu til stjórnar SKÝ og stjórnarkjör. Stjórnin nefnist öldungaráð og er kosin til eins árs í senn. Öldungaráð skipa 5 menn, formaður og fjórir meðstjórnendur, sem skipta með sér verkum eftir þörfum.

4. gr.

Félagar geta allir orðið sem unnið hafa 25 ár eða lengur á sviði upplýsingatækni. Undantekningar frá þessu ákvæði má gera vegna sérstakra verðleika sem metnir verða af öldungaráði.

5. gr.

Félagar skulu samkvæmt reglum SKÝ um faghópa vera félagar í Skýrslutæknifélagi Íslands og greiða þar tilskilin félagsgjöld. Ekki skulu greidd sérstök félagsgjöld í öldungadeild. Þurfi deildin á fjármunum að halda til ákveðinna verkefna skal þeirra aflað hverju sinni með tiltækum ráðum.

6. gr.

Framlag hvers og eins félaga til framfylgdar markmiðum félagsins fer eftir vilja og getu, en hvatningu öldungaráðs um vinnuframlag í þágu markmiða þess skal tekið með jákvæðu hugarfari.

## Reglur SKÝ um faghópa

Faghópar Skýrslutæknifélags Íslands starfa á sérstökum, afmörkuðum sviðum og skapa félögum vettvang til kynninga, skoðanaskipta og framkvæmda. Hóparnir starfa sjálfstætt í samráði við stjórn Ský. Ávinningur af samstarfi við Ský er m.a. sú margvíslega sérþekking sem er að finna innan félagsins, erlend tengsl og aðstaða og aðstoð sem félagið getur veitt faghópum.

### Réttindi faghópa eru:

- a) Skrifstofa Ský getur annast fundaboðun.
- b) Ský getur lagt fram aðstöðu fyrir fundi og útvegum veitinga.
- c) Skrifstofa Ský getur séð um útsendingar til þátttakenda í faghópnum.
- d) Skrifstofa Ský svarar fyrirspurnum og gefur upplýsingar um starf faghópanna.
- e) Skrifstofa Ský veitir aðstoð við stærri viðburði.

f) Aðgangur að tímariti félagsins, Tölvumálum, í samráði við ritstjórn þess.

g) Aðgangur að heimasíðu félagsins, í samráði við framkvæmdastjóra.

**Skyldur faghópa eru:**

a) Faghópar skulu starfa í samræmi við markmið Skýrslutæknifélags Íslands.

b) Þátttakendur í faghópum eru meðlimir í Ský.

c) Faghópar skila skýrslu um starf árlega, t.d. munnlega til stjórnar Ský og með grein í tímarit félagsins, Tölvumál.

d) Telji faghópur æskilegt að einhver viðburður í starfi hans nái til fleiri en meðlima hópsins, gerir hann tillögu til stjórnar Ský ásamt ábendingu um heppilega tímasetningu. Stjórn Ský samræmir slíkar tillögur til þess að starfsemi verði sem hnitmiðuðust og felur faghóp síðan framkvæmd í samstarfi við fulltrúa stjórnar og framkvæmdastjóra eftir því sem ástæða er til.